

til greina, en honum veitist 4 vikna frestur til að gagnáfrýja málinu til breytingar á dóminum.

Nr. 18/1898:

Halldór Bjarnarson

gegn

Jóhönnu Bjarnardóttur, Jóni Guðmundssyni, Birni Guðmundssyni, Vilborgu Guðmundsdóttur og Jakobínu Jónsdóttur.

D ó m u r:

Mál þetta var höfðað í hjerði af ekkju og 3 börnum og systur Guðmundar heitins hreppstjóra Jónssonar frá Grjótnesi gegn áfrýjandanum, Halldóri prófasti Bjarnarsyni á Presthólum, út af ærumeiðandi ummælum, sem nefndur prófastur hafði við haft um Guðmund sáluga hreppstjóra Jónsson i framhaldsvarnarskjali einu, dags. 28. okt. 1896, í sakamáli gegn prófastinum. Var meiðyrðamál þetta höfðað og rekið fyrir gestarjetti Þingeyjarsýslu og dæmt af sama rjetti 11. desbr. f. á. á þann hátt, að Halldór prófastur Bjarnarson skyldi greiða 50 kr. sekt til landssjóðs, eða til vara sætæ 15 daga einföldu fangelsi, svo og greiða 35 kr. í málskostnað. Hin átöldu ummæli voru dæmd dauð og ómerk.

Þessum gestarjettardómi hefur Halldór Bjarnarson skotið til landsyfirdómsins með stefnu 14. aprílmán. þ. á. og krafizt þess, aðallega, að hann verði dæmdur ómerkur og málinu vísað frá gesta-

rjettinum, en til vara, að hann verði algjörlega sýknaður, og að honum verði, hvernig sem fer, dæmdur málskostnaður að skaðlausu eða með einhverju eptir mati rjettarins nægilegu. Hin stefndu hafa hins vegar krafizt þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjandinn dæmdur til að greiða allan málskostnað.

Af skjölum málsins virðist ljóst, að allir málsvið eigendur hafi átt heimili innan sömu þinghár (í Presthólahreppi), þegar málið var höfðað þar. Það var því eigi heimilt að stefna því fyrir gestarjett með kvöldstefnufresti, eins og gjört var, án samþykkis áfrýjanda (stefnda í hjeradi); slíkt samþykki hefur eigi verið fengið, enda mætti áfrýjandi eigi fyrir gestarjettinum og bar þar enga vörn fram fyrir sig.

Það verður því eigi hjá því komizt að dæma hinn áfrýjaða dóm ómerknan og vísa málinu frá gestarjettinum. Eptir þessum úrslitum málsins verða hin stefndu að greiða áfrýjanda málskostnað fyrir yfirdómi, sem skal ákveðinn 15 kr.

Því dæmist rjett vera:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera ómerk-
ur, og víast málinu frá gestarjettinum.
Hin stefndu Jóhanna Bjarnardóttir, Jón Guð-
mundsson, Björn Guðmundsson, Vilborg Guð-
mundsdóttir og Jakobína Jónsdóttir greiði
áfrýjanda, Halldóri prófasti Bjarnarsyni, 15
kr. sem málskostnað, áður liðnar sjeu 8

vikur frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Nr. 19/1898:

Halldór Bjarnarson

gegn

Sigurlaugu Benjamínsdóttur, Ingi-
mundi Sigurðssyni, Halldóri Sig-
urðssyni og Hólmsfríði Sigurðar-
dóttur.

D ó m u r :

Mál þetta var í hjeraði höfðað af ekkju og 3 börnum Sigurðar heitins Rafnssonar frá Snartastöðum gegn áfrýjandanum, Halldóri prófasti Bjarnarsyni á Presthólum, út af ærumeiðandi ummælum, sem nefndur prófastur hafði haft um Sigurð Rafnsson látinn í framhaldsvarnarskjali einu, dags. 28. okt. 1896, í sakamáli gegn prófastinum. Var meidyrðamál þetta höfðað og rekið fyrir gestarjetti Þingeyjarsýslu, og dæmt af sama rjetti 11. desbr. f. á. á þann hátt, að Halldór prófastur Bjarnarson skyldi greiða 40 kr. sekt til landssjóðs, eða til vara sæta 12 daga einföldu fangelsi, svo og greiða 35 kr. í málskostnað. Hin átöldu um mæli voru dæmd ómerk.

Þessum gestarjettardómi hefur Halldór Bjarnarson skotið til yfirdómsins með stefnu 14. apríl þ. á. og krafizt þess aðallega, að hann verði dæmdur ómerkur og málinu vísað frá gestarjettinum, en til vara, að áfrýjandi verði algjörlega sýknaður, og að honum verði, hvernig sem fer, tildæmd-